



STJÓRNARFUNDUR VINSTRI GRÆNNA

Hallveigarstöðum, 9. júní 2017

Katrín Jakobsdóttir stýrir fundi
Daníel Arnarsson ritar fundargerð

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Daníel Arnarsson, Ragnar Auðun Árnason, Álfheiður Ingadóttir, Jakob S. Jónsson, Björg Eva Erlendsdóttir og Bjarki Þór Grönfeldt

Á fjarfundi: Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Björn Valur Gíslason, Edward Huijbens, Ingibjörg Þórðardóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir

Boðuð forföll: Elín Oddný Sigurðardóttir, Rósa Björk Brynjólfssdóttir, Hrafnkell Lárusson og Póra Elfa Björnsson

Fundur settur kl. 15.08

1. Samþykkt síðustu fundargerðar

Samþykkt samhljóða og án nokkurra athugasemda.

2. Drög að dagskrá flokksráðsfundar í ágúst og sumarferðar

Varaformaður hreyfingarinnar, Björn Valur Gíslason, kynnir dagskrá fundarins, sem og sumarferðina, og ræðir sérstaklega málefnaþema sem vinna að stefnumótun fyrir landsfund sem kynnt verður á flokksráðsfundi. Varaformaður fer yfir tillögur sem beint var til stjórnar af landsfundi í október 2015. Stjórn samþykkir einróma að halda ekki málþing um ríkisstjórnarsamstarf 2009 – 2013 enda hafa þingkosningar nú þegar farið fram en málþingið hafði verið hugsað sem hluti af kosningaundirbúningi. Skrifstofustjóri VG, Bjarki Þór Grönfeldt, kynnir tillögur að dagskrá sumarferðar sem unnin hefur verið með sérstökum undirbúningshópi.

3. Stjórn málaástandið eftir þinglok

Formaður hreyfingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, fer yfir störf þingflokksins undir lok þingsins. Varaformaður þingflokks VG, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, bætir við og ræðir þingið í víðu samhengi. Umræður stjórnarmanna.

4. Drög að dagskrá landsfundar

Landsfundur verður haldinn 6.-8. október 2017 í Reykjavík. Miðlægur þáttur á landsfundinum eru sveitarstjórnakosningar 2018. Stjórn ræðir gesti og tilhögun erinda á fundinum sem og upplega, dagskrá og skipulag.



5. Tilfærsla á næsta stjórnarfundum sem annars fellur á verslunarmannahelgi
Samþykkt að færa næsta stjórnarfund til 11. ágúst 2017 í stað 4. ágúst eins og áður var tilkynnt í starfsáætlun.

Ragnar Auðun Árnason vikiur af fundi

6. Fjármál stjórnmálaflokkanna og horfur í starfsmannamálum

Framkvæmdastjóri hreyfingarinnar, Björg Eva Erlendsdóttir, ræðir samráðshóp allra framkvæmdastjóra hreyfinganna sem sæti eiga á Alþingi um fjármál stjórnmálaflokkanna, hlutverk þeirra og skyldur. Umræður um sérstakan starfsmann fyrir sveitastjórnarkosningar 2018, sem og starfslið fyrir landsfund. Framkvæmdastjóri fer yfir næstu skref með framkvæmdastjórn hreyfingarinnar.

7. Önnur mál

- a. Sveitarstjórnarkosningar 2018

Fundað hefur verið með Reykjavík, Reykjanesbæ, Grindavík, Hafnarfirði og Kópavogi til undirbúnings sveitastjórnarkosninga 2018. Áætlað er að funda með Akureyri, Húsavík, Dalvík og Fjallabyggð á allra næstu dögum og í næstu viku verða þrjú sveitarfélög heimsótt á Suðurlandi.

- b. Erindi frá formanni VG í Árnassýslu vegna húsnæðisstyrks

Ákveðið að fresta málinu þangað til húsnæði finnst í Árnassýslu.

Ekki fleira gert, gleðilegt sumar.

Fundi slitið 17:17